

212. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 18. maí 2006 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar, RG
Elísabet L. Björgvinsdóttir, ELB
Eypór Benediktsson, EB
Dagný Þórisdóttir, DÞ
Hilmar Hallvarðsson, HH
Davíð Sveinsson, DS
Guðmundur Kristinsson, GK
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri EF
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð Bæjarráðs nr. 407, dags. 11.5.2006.

Fundargerðin er í 19 tölusetnum liðum.

Liður 1.1. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar.

Liðir 1,3,5,6,7,8,14 og 15 Samþykktir samhljóða og fundargerð samþykkt. Allir tóku til máls.

Liður 4.1. Samþykkt að veita Íslandspósti lóð 1 á deiliskipulagi að verslunar- og þjónustusvæði við Aðalgötu. Liður 4.2. samþykkt að veita Orkunni lóð við Aðalgötu.

Liður 4.4. samþykkt að veita Þorgrími Kristinssyni lóðir 2 og 3 á deiliskipulagi að verslunar- og þjónustusvæði við Aðalgötu.

Liður 5 samþykktur. Til máls tóku:RG,EF,GK og HH

Liður 10 samþykktur.

Liður 15 kjörskrá samþykkt. Allir tóku til máls.

Liður 19 samþykktur með sex atkvæðum, Dagný sat hjá.

Bókun

“ Vegna tillögu Davíðs um viðtalstíma bæjarfulltrúa tekur undirritaður fram að fulltrúar D-listans þáðu ekki laun fyrir setu í viðtalstímunum undarfarið kjörtímabili. Ég tel svo rétt vera, en jafnframt að viðtakandi bæjarfulltrúar ákveði með hvaða hætti viðtalstímar verða skipulagðir á næsta kjörtímabili.”

Rúnar Gíslason

Til máls tóku:RG,DÞ og DS

Liður 16 Tillaga skólanefndar Tónlistaskóla að hækkun á gjaldskrá

Tónlistaskóla Stykkishólms fyrir skólaárið 2006-2007 samþykkt.

Liður 17 stefna Stykkishólmsbæjar í málefnum aldraðra samþykkt.

Fundargerðin afgreidd samhljóða.

Til máls tóku:HH,EF,ELB,DS,GK og RG

2. Fundargerðir nefnda.

- 2.1. Skipulags-og bygginganefnd, dags. 9.5.2006.
Fundargerð samþykkt fyrir á fundinum.
- 2.2. Safna-og menningarmálanefnd, dags. 27.4 og 9.5.2006.
Fundargerðir framlagðar og samþykktar.

3. Lögreglusamþykkt fyrir Stykkishólmsbæ, fyrri umræða.

**Lögreglusamþykkt fyrir Stykkishólmsbæ vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn.
Allir tóku til máls.**

Rúnar Gíslason fór yfir setu sína í bæjarstjórn s.l 12 ár og þakkaði gott samstarf og þökkðu aðrir bæjarfulltrúar fyrir samstarfið á líðandi kjörtímabili.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:21

Þór Örn Jónsson, bæjarritari.